

Alþingi
Erindi nr. P 130/716
komudagur 7.1.2004

Tækninefnd Vísinda- og tækniráðs

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 06.01.04

Málefni: Umsögn tækninefndar um frumvarp til laga um einkaleyfi, 303. mál, EES-reglur, líftækni


Tækninefnd fjallaði um frumvarp til laga, þskj. 348 – 303. mál, um breytingar á lögum nr. 17/1991 um einkaleyfi, á fundi sínum þann 6. janúar 2004.

Í vísinda- og tæknistefnu hins opinbera, sem samþykkt var á fundi Vísinda- og tækniráðs þann 18. desember sl., kemur m.a. fram: „Aukið umfang vísinda- og rannsóknastarfsemi hér á landi gerir verndun hugverka og þekkingarverðmæta æ mikilvægari.”

Íslenskum einkaleyfum hefur fjölgað mjög mikið á undanförunum árum, ekki síst vegna aukins umfangs íslenskra fyrirtækja í rannsóknum. Verulegur hluti þessarar aukningar er vegna starfsemi líftæknifyrirtækja. Það er því óumflýjanlegt að íslensk einkaleyfalöggjöf verði samræmd alþjóðlegri þróun á þessu sviði. Tækniþróun innan líftækni hefur verið mjög ör og því nauðsynlegt að samræma ákvæði varðandi einkaleyfishæfni uppfinninga á því sviði.

Engar athugasemdir eru gerðar við frumvarpið en vakin er athygli á orða- og hugtakanotkun, en frumvarpið ber þess nokkur merki að vera þýtt af erlendu tungumáli.

Virðingarfyllst,
f.h. tækninefndar


Hallgrímur Jónasson, formaður